



Reykjavíkurborg

mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Reykjavík, 27. mars 2020

R20020152

13731

AK/EP

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um stöðu fatlaðra barna í íþróttastarfi

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 13. febrúar 2020, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

Þegar fjallað er um stöðu fatlaðra barna í íþróttastarfi er almennt talið mikilvægt að þjálfarar fái aðstoð við að taka á móti einstaklingum með sérþarfir/fatlanir. Hver ber kostnaðinn af slíkri aðstoð? Hyggst mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð að bregðast við þessu ákalli, að hjálpa til við tengingar og úthluta auknu fjármagni til málaflokksins?

Svar mannréttindastjóra við fyrirspurn:

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð veitti nýlega greinagóða umsögn um íþróttastefnu Reykjavíkurborgar þar sem m.a. er fjallað um stöðu fatlaðra barna í íþróttum, sjá umsögn. Í ljósi þess að stefnt er að því að ný íþróttastefna verði samþykkt á næstunni þar sem búið er að taka tillit til ýmissa athugasemda ráðsins þá er hægt að gera ráð fyrir að þetta verði allt skoðað heildstætt þegar hugað verður að fjármagni fyrir innleiðingu stefnunnar við fjárhagsáætlanagerð fyrir árið 2021.

Virðingarfyllst


Anna Kristinsdóttir
mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar

Hjálagt:

Umsögn mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um íþróttastefnu Reykjavíkurborgar

Reykjavík, 14. febrúar 2020

Umsögn Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu um stefnu í íþróttamálum Reykjavíkur til 2030

Stefnan er metnaðarfull og vel unnin að mörgu leyti og skilmerkilega fram sett. Það er vel til fundið að tengja efni hennar heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og hafa upplýsingar um stöðu mála tengdar hverri stefnuáherslu. Hér eru hins vegar ábendingar um það sem betur mætti fara efnislega. Sum þeirra atriða sem fara hér á eftir ættu að koma fram í áherslum önnur í skýringum en enn önnur ættu heima í aðgerðaráætlun. Það er ekki tekin afstaða til þess í þessari umsögn hvar þau eiga best heima.

Sýn

Það væri kostur að setja niður sýnina um það hvernig Reykjavíkurborg liti út ef stefnan gengur eftir því það myndi hjálpa til við að skilgreina áherslurnar. Framtíðarsýnin sem er á bls. 7 er aðeins of almenn til að ná þessu. Í framtíðarsýninni þarf m.a. að fjalla um hvaða áhrif hefur það á borgarsamfélagið ef að allir á öllum æviskeiðum stunda íþróttir, líkamsrækt eða hreyfingu? Jafnframt hvað það hefur að segja fyrir t.d. innflytjendum og fatlað fólk að tengjast öðrum og hverfinu sínu í gegnum íþróttir. Hvaða hliðaráhrif hefur það ef stefnan nær fram að ganga?

Tenging við mannréttindastefnu

Það vantar tengingu við þá hópa sem mannréttindastefna Reykjavíkurborgar nær til, s.s. við fatlað fólk, innflytjendum og hinsegin fólk. Það skortir einnig skýrari tengingu við jafnrétti kynja.

Jafnrétti kynja

Fram kemur, bls. 13, að í íþróttastefnunni hafi verið valið að vinna að þremur af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og þar er eitt markmiðið jafnrétti kynjanna. Það er minnst á jafnrétti kynja í stefnuáherslu 2 (S2 áhersla 1) en það þyrfti að útfæra það með skýrari hætti sem hlýtur að vera lykilatriði í ljósi þess hlutverks sem íþróttir gegna sem forvörn og leið til þátttöku í samfélaginu.

Reykjavíkurborg leggur áherslu á jafnrétti kynjanna sbr. mannréttindastefnu borgarinnar og kynjaða starfs- og fjárhagsáætlun borgarinnar þar sem lögð er áhersla á að úthlutun fjármagns stuðli að auknu jafnrétti kvenna og karla og drengja og stúlkna. Þar má til dæmis líta til úthlutunar æfingátíma, æfingaaðstöðu og búningaáðstöðu út frá kyni iðkenda.

Það ætti að vera léttur leikur að flétta jafnrétti kynja inn í stefnumótunina, t.d. með vísan í að íþróttageinar standi bæði konum og körlum, drengjum og stúlkum til boða. Þessu þarf að gæta að í kynningarefni og líka í raun.

Markmið jafnréttislaga er m.a. að allir einstaklinga eigi jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni og auðvitað á það m.a. við um stundun íþróttá. Íþróttafélögum er samkvæmt samstarfssamningi Reykjavíkurborgar við Íþróttabandalag Reykjavíkur og Íþróttafélög skylt að vera með virkar jafnréttisstefnur, siðareglur og að fylgja eftir mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

Fatlað fólk

Á bls. 4 segir að eitt af lykilmarkmiðum stefnumótunarinnar hafi verið að jafna aðstöðu til þátttöku og að jafna aðstöðumun. Í einni stefnuáherslunni er jafnframt fjallað um íþróttir, hreyfingu og líkamsrækt fyrir alla á öllum æviskeiðum og í annarri um tækifæri fyrir börn og unglinga til að þroskast og eflast í aðgengilegu íþróttastarfi óháð stöðu. Stefnan vinni jafnframt að 10. heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna um aukinn jöfnuð en samkvæmt undirmarkmiði 10.2. skal öllum vera gert kleift að taka þátt í félagsstarfi m.a. án tillits til fötlunar og starf íþróttafélaga hlýtur að falla þar undir.

Í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar er greint frá því í 4. kafla að fötluðu fólki skuli vera tryggðar aðstæður til að taka þátt í borgarsamfélaginu.

Koma þarf fram í íþróttastefnunni hvernig jafna eigi aðstöðumun gagnvart fötluðu fólki en ekki er fjallað sérstaklega um aðgengi fatlaðs fólks að íþróttaiðkun í henni. Til að ná markmiðum um að jafna aðstöðu fatlaðs fólks til íþróttaiðkunar er til dæmis mikilvægt að tryggja gott aðgengi, þ.m.t. að ferðum, fatlaðs fólks að allri íþróttaaðstöðu og mannvirkjum íþróttafélaga borgarinnar. Einnig þarf að tryggja aðgengi að þeirri almenningsaðstöðu í borginni sem nýtist til íþróttaiðkunar. Innan íþróttafélaganna þarf að vera til staðar þekking á ólíkum aðgengis- og stuðningsþörfum fatlaðs fólks sem brýnt er að mæta til þess að fatlað fólk stundi íþróttir til jafns við ófatlað fólk.

Full þörf er á að nefna þessi atriði sérstaklega í stefnunni og að setja inn í aðgerðaáætlun sértækar aðgerðir sem miða að því að bæta aðgengi fatlaðs fólks að starfsemi íþróttafélaga sem og að aðstöðu til íþróttaiðkunar í borginni.

Innflytjendur

Í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar grein 9.3.1 segir „Allt uppeldis-, fræðslu-, tómstunda- og menningarstarf á vegum borgarinnar tekur mið af þörfum barna af erlendum uppruna og veitir þeim sérstakan stuðning og íslenskukennslu til þess að þau njóti sömu tækifæra og önnur börn. Þess skal jafnframt gætt að íslensk börn fái fræðslu um aðra menningarheima til að styðja við gagnkvæma aðlögun“.

Stefnuáhersla 2 er að börn og unglingar hafi tækifæri til að þroskast og eflast í fjölbreyttu og aðgengilegu íþróttastarfi óháð kyni efnagag og stöðu. Hér þarf að bæta við „óháð uppruna“.

S2, verkefni 8 (bls. 17) er „Efla stuðning og tengsl foreldra við íþróttastarf“. Hér er í skýringum fjallað um þátttöku þeirra og stuðning. Hvað snertir innflytjendur er mikilvægt að taka sérstaklega vel á móti þeim og veita fræðslu um forvarnagildi íþróttar og hreyfingar og hversu góð leið þær eru til að skapa tengsl bæði barna og foreldra við nærsamfélagið (e. inclusive integration).

Í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar segir einnig í sömu grein og vitnað var í að framan „Fjölbreytni og margbreytileiki samfélagsins endurspeglast í daglegu starfi með börnum og ungmennum og þau fá tækifæri til að viðhalda móðurmáli sínu og kynna heimameningu sína“. Þar segir einnig í grein 9.3.3 „Starfsfólk skapar umhverfi sem er laust við fordóma í garð einstaklinga vegna uppruna, litarháttar, þjóðernis eða menningarlegs bakgrunns. Starfsfólk leggur sig fram um alúðleg samskipti þrátt fyrir að ólík tungumálaþekking geti

valdið hindrunum. Tryggja þarf starfsfólki þekkingu til að sinna starfi í fjölmenningarlegu og margbreytilegu borgarsamfélagi.“

Það er ekki höfuðatriði að innflytjendur hafi alist upp við aðrar íþróttagreinar en hér eru í boði eins og fram kemur í skýringum (S2, áhersla 10). Það þarf hins vegar að koma fram í áherslum eða skilgreiningum að það þurfi að undirbúa alla stjórnendur/þjálfara/sjálfbóðaliða til að taka á móti innflytjendum og á það bæði við börn sem eru iðkendur og foreldra þeirra.

Hinsegin fólk

Það er ekki fjallað um hinsegin fólk í stefnunni og hvernig gera þarf ráð fyrir þeim hópi innan íþróttta. Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar fjallar m.a. um bann við mismunun á grundvelli kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar og kyneinkenna.

Í mannréttindastefnunni segir einnig að allt uppeldis- og tómstundastarf, menntun og menningarstarf taki mið af því að þátttakendur geti verið hinsegin. Margs konar fjölskyldugerðir á að ræða á opinskáan og fordómalausán hátt og þarf að tryggja að í íþróttastarfi sé gert ráð fyrir hinsegin foreldrum og fjölskyldum.

Koma þarf fram að búnings- og salernisaðstaða í íþróttamannvirkjum geri ráð fyrir hinsegin fólki, t.d. trans börnum og börnum með ódæmigerða kyntjáningu. Það þarf einnig að vera skýrt, og gæta þarf samræmis á milli íþróttafélaga, að börn og ungmenni fái að æfa með því kyni sem samsvarar þeirra kynvitund.

Árið 2021 eiga skv. lögum allar stofnanir að bjóða upp á þann möguleika að verða með hlutlausu skráningu kyns. Þetta er því að gerast á þeim tíma sem íþróttastefnan nær yfir. Það verður kannski ekki leyst í stefnunni en það þarf að velja því fyrir sér hvaða áhrif það hafi á kynjaskiptingu í íþróttum og möguleika á að keppa til verðlauna.

Í S2 segir „Börn og unglingar hafi tækifæri til að þroskast og eflast í fjölbreyttu og aðgengilegu íþróttastarfi óháð kyni, efnahag, stöðu. Hér væri eðlilegt að bæta við óháð kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu og kyneinkennum.

Efnahagur

Í stefnuáherslu 2 (S2) segir: Börn og unglingar hafi tækifæri til að þroskast og eflast í fjölbreyttu og aðgengilegu íþróttastarfi, óháð kyni, efnahag og stöðu. Þar segir í skýringum: Til að börn og unglingar eigi að geta stundað íþróttir óháð kyni, efnahag og stöðu er ekki nóg, fyrir efnaminni fjölskyldur, að bjóða frístundastyrk með Frístundakorti til greiðslu æfingagjalda, heldur þarf líka að koma til móts við þær varðandi viðbótarkostnað. Tekið er undir þetta og er mikilvægt að greina stöðu mála m.a. út frá notkun Frístundakortsins. Dæmi eru um að fjölskyldur þurfi að nota Frístundakortið til að mæta kostnaði vegna dvalar í frístund og geti því ekki nýtt það til að greiða fyrir íþróttaiðkun. Þannig þarf ekki einvörðungu að huga að viðbótarkostnaði heldur einnig að leiðum til að styðja við þau börn og unglinga sem ekki eru að stunda íþróttir eða annað tómstundastarf. Eins og fram kemur í stöðumatinu sem fylgir drögum að íþróttastefnu er mikill munur eftir hverfum á nýtingu Frístundakortsins og þar liggja áskoranir.

Samráð við hagsmunaaðila

Hefur verið haft samráð við t.d. einhver hagsmunasamtök fatlaðs fólks, innflytjenda og hinsegin fólks við gerð stefnunnar? Ef svo er ekki þá gæti það verið afar gagnlegt.

Tölfræði

Í köflunum um stöðu mála við allar stefnuáherslurnar vantar tengingu við tölfræðiupplýsingar. Það eru til ýmsar upplýsingar sem eru mikilvægar til að gera sér grein fyrir stöðunni bæði um innflytjendur og kynjahlutföll svo dæmi sé tekið. (Notkun á frístundakortinu, viðhorfskannanir Rannsóknar og greiningar og upplýsingar um þátttöku eftir kynjum frá ÍBR). Tölfræðin þarf alltaf að vera kyngreind þegar því verður við komið.

Það þarf að greina hverjir það eru sem eru ekki að stunda íþróttir og hreyfingu og finna leiðir til að ná til þeirra.

Stefna og aðgerðaráætlun

Til að ná fram þeim markmiðum sem eru sett fram í stefnunni þyrfti aðgerðaráætlunin að ná til fleiri þátta. Ef íþróttir eiga einnig að vera fyrir fatlað fólk þarf að huga að aðgengi að íþróttahúsunum og ferðum svo dæmi sé tekið.

Það þarf að vera skýrt til hvaða tíma aðgerðaráætlunin tekur og e.t.v. væri gott að fram kæmi að hún verði endurskoðuð árlega þótt hún nái til tveggja eða fleiri ára.

Sérstaklega um stefnuáherslu 1**Áhersla á almenna þátttöku**

Skerpa þarf á áherslu um þátttöku almennings ef takast á að ná því markmiði sem er sett fram um að 70% íbúa stundi rösklega hreyfingu að lágmarki þrisvar í viku. Það mætti vera með það í áhersluatriðum að það séu í boði hjá íþróttafélögum opnir tímar fyrir þá sem ekki stunda keppnisíþróttir og græn svæði séu byggð upp með þeim hætti að þar séu hægt að stunda hreyfingu. Hvatning til íþróttafélaganna að vera með íþróttir sem almenningur getur tekið þátt í.

Íþróttamannvirki þurfa að vera aðgengileg, þ.e. aðgengi fyrir fatlað fólk og búningsaðstaða fyrir kynsegin fólk.

Þátttaka aldraða

Það hvetur frekar til þátttöku aldraða ef það er ekki um langan veg að fara.

Áhersla 1. Hér væri mikilvægt að tiltaka að það sé aðstaða til íþróttaiðkana á grænum svæðum borgarinnar.

Sérstaklega um stefnuáherslu 2**Þátttaka barna**

Börn og unglingar hafi tækifæri til að þroskast og eflast í fjölbreyttu og aðgengilegu íþróttastarfi, óháð kyn, efnahag og stöðu. Það væri vænlegra að tilgreina einnig fötlun, kynhneigð, kynvitund og

uppruna etc. og að leitast verði við að koma til móts við þau. Það skiptir höfuðmáli fyrir þá sem tilheyra þessum hópum að þeir séu tilgreindir þegar vísað er til annarrar stöðu er það gert til að grípa eitthvað sem e.t.v. hefur ekki tekist að fanga á ákveðnum tíma en gæti komið upp.

Börn þurfa að hafa aðgang að íþróttafélagi/íþróttastarfi í sínu nærumhverfi þar sem þau geta sjálf sótt starfið og verið með vinum og félögum. Við það skapast tenging og félagsauður í hverfinu. Starfið þarf að vera opið fyrir alla og þau börn sem þurfa stuðning þurfa að fá hann í samvinnu við þjónustumiðstöðina í sínu hverfi og skólann. Starfið þarf einnig að gera ráð fyrir því að t.d. trans börn geti verið iðkendur og hugað sé að leiðum fyrir þau ef þau vilja nota aðstöðu til fataskipta. Einnig þarf að gera ráð fyrir því að börnin geti verið hluti af hinsegin fjölskyldum.

Hér þarf einnig að koma fram að nýta skuli samráðsvettvang sem er í hverfum til að efla þroska barna og unglunga. Samvinna skóla, frístundar þjónustumiðstöðva og íþróttafélaga er lykilatriði í því efni.

Hér undir ætti einnig heima áhersla á að félög séu með virka jafnréttisstefnu.

Sérstaklega um stefnuáherslu 5

Hér þarf einnig að koma fram að nýta skuli samráðsvettvang sem er í hverfum til að efla þroska barna og unglunga. Samvinna skóla, frístundar þjónustumiðstöðva og íþróttafélaga er lykilatriði í því efni.

Hér þarf einnig að koma fram að kynningarefni íþróttafélaga þurfi að vera með efni á ensku og pólsku og taia mið af öllum kynjum, innflytjendum, fötluðu fólki og öllum aldurshópum.